



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hádegisverði
til heiðurs Norðurlandaráði
Bessastöðum
27. október 2015**

Heiðruðu forsætisráðherrar
Þingforsetar
Forseti Norðurlandaráðs
Ráðherrar. Þingmenn
Kæru gestir

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til Bessastaða sem eiga veigamikinn sess í sögu okkar Íslendinga og í norrænni sögu. Fornleifagröfturinn hér á hlaðinu og undir húsunum, frásagnir í fornum sögum, sem skráðar voru fyrir átta hundruð árum, sem og annálar næstu alda færðu okkur ríkulegan vitnisburð um Bessastaði sem höfuðból og áfangastað í norrænni sögu; færa okkur hvatningu um að varðveita vitundina um djúpar rætur norrænnar vináttu og frændsemi.

Fyrir um 1100 árum ákvað landnámsmaður að reisa bæ sinn hér á hólnum og svo nokkrum öldum síðar bjó Snorri Sturluson á Bessastöðum, höfundur mikilla verka um konunga Noregs – og öldum saman sátu hér æðstu fulltrúar Danakonungs; stjórnðu héðan Íslandi fyrir hönd Hans Hátignar.

Það er líka merkilegt að í elsta húsi staðarins var í upphafi nítjándu aldar skólinn sem fóstaraði ýmsa leiðtoga sjálfstæðisbaráttunnar; samræður þeirra um evrópska strauma hvatning til að færa Íslandi nýjan sess.

Það var því rökrétt að Bessastaðir yrðu heimili og vinnustaður forseta lýðveldisins og vel við hæfi í anda hinnar löngu norrænu sögu að fagna hér í dag forystumönnum Norðurlandaráðs og norrænna ríkja.

Norræn samvinna hefur, eins og við vitum öll, þróast á afar farsælan hátt; orðið kjölfesta í utanríkisstefnu landanna og um leið fyrirmynd sem önnur ríki veita vaxandi athygli; vitnisburður um að ríki geta, þrátt fyrir ólíka afstöðu til bandalaga um varnir og efnahagslíf, átt nána og gefandi samvinnu á mörgum sviðum, ræktað samráð ríkisstjórna og þjóðþinga.

Í aðdraganda síðustu aldamóta töldu sumir að gildi norrænnar samvinnu færi minnkandi vegna annarra viðfangsefna en við höfum nú um árabíl orðið vitni að breytingum á heimsmyndinni sem munu gefa norrænni samvinnu enn meiri byr í framtíðinni.

Þar skiptir ef til vill mestu að um þessar mundir verða Norðurslóðir í sívaxandi mæli áhugasvæði allra helstu forysturíkja heimsins.

Það birtist glöggt á þingi Arctic Circle sem haldið var hér í Reykjavík fyrir rúmri viku þar sem yfir 2000 þátttakendur frá 50 löndum – þjóðhöfðingjar, forsætisráðherrar, ráðherrar, þingmenn, embættismenn, vísindamenn, sérfræðingar, athafnamenn, stjórnendur alþjóðlegra fyrirtækja og forystumenn umhverfissamtaka, fulltrúar frumbyggja og fjöldi annarra – sátu allsherjarfundi þingsins.

Bæði Xi Jinping forseti Kína og Angela Merkel kanslari Þýskalands sendu sérstakar sendinefndir til að kynna stefnu og fyrirætlanir ríkja sinna á Norðurslóðum. Fulltrúar bandaríska utanríkisráðuneytisins og Hvíta hússins og fulltrúar rússnesku ríkisstjórnarinnar og forseta Rússlands gerðu slíkt hið sama. Bretland, Japan, Kórea, Singapúr og fleiri lönd voru líka öflugir þátttakendur og forseti Frakklands François Hollande kom beint frá leiðtogafundi Evrópusambandsins til að flytja stefnuræðu Arctic Circle, skýra í henni tengslin milli Norðurslóða og árangurs á loftslagsráðstefnunni COP21 í París í desember.

Nú þingar Norðurlandaráð í Hörpu, í þeim húsakynnum þar sem við urðum fyrr í október vitni að hinni nýju, nánast byltingarkenndu breytingu á stöðu Norðurslóða í heimsmynd 21. aldarinnar. Öll helstu forysturíki í efnahagslífi Evrópu og Asíu tóku þátt í litríku þinghaldi þar sem ungir vísindamenn, hugsjónaríkir umhverfissinnar og ákafir aðgerðarsinnar höfðu sama málfrelsi og fulltrúar öflugustu ríkja heims; unga kynslóðin áberandi í öllum störfum þingsins.

Þessar umfangsmiklu breytingar á stöðu Norðurslóða færa þjóðþingum og ríkisstjórnnum Norðurlanda aukna ábyrgð, bæði í ljósi norrænna hagsmuna og landfræðilegrar legu Norðurlanda en líka vegna þess að norræn ríki skipa meirihluta í Norðurskautsráðinu og hinn farsæli árangur norrænnar samvinnu í meira en hálfa öld er gott veganesti fyrir samráð allra ríkja við mótun framtíðar Norðurslóða.

Norræn samvinna hefur því líklega aldrei verið mikilvægari en á okkar tímum, ekki bara fyrir okkur sjálf heldur líka fyrir heimsbyggð alla.

Með þá sýn í huga bið ég viðstadda að lyfta glösum til heiðurs Norðurlandaráði og til heilla norrænni samvinnu í framtíðinni.